

ÖÍS-2017-03 Betri merkingar við Skjálftavatn

Við Skjálftavatn í Kelduhverfi hefur orðið uppbygging undanfarin misseri, byggður útsýnispallur á Tjarnarleiti, þar sem sem sér yfir vatnið og sett upp fræðsluskilti við pallinn um tilurð vatnsins og jarðfræði, ásamt upplýsingum um fugla. Pallurinn er kjörinn áfanga- og nestisstaður og öruggur staður til norðurljósaskoðunar og til að njóta útsýnis og miðnætursólar. Nauðsynlegt er að merka staðinn betur út við veg. Því er markmiðið að setja upp þjónustuskilti sem vísa á útsýnisstað, fuglaskoðun og athyglisverðan stað. Að því loknu verður gert kynningarátak um pallinn og Kelduhverfi.

Verkefninu var úthlutað kr. 250.000.- árið 2017.